

## Ársskýrsla faghóps um hagnýtingu gagna 2019-2020

Hópurinn var stofnaður af Berglindi Pálsdóttur, Brynjólfi Borgari Jónssyni, Eðvaldi Inga Gíslasyni, Kristínu Jónsdóttur, Sigrúnu Láru Sverrisdóttur og Stefáni Baxter.

Stofnfundur var haldinn á Sólon undir yfirskriftinni *Á leiðinni heim*. Þar kynntu stofnmeðlimir sig og sína sýn fyrir hópinn. Einnig var Óli Páll Geirsson gagnastjóri hjá Reykjavíkurborg með erindi þar sem hann fjallaði um hlutverk gagnavísinda í rekstri fyrirtækja.

Stofnfundurinn var vel sóttur og eftir hann bættust Íris Huld Christersdóttir, Tómas Helgi Jóhannsson, Benedikt Jóhannesson, Hafsteinn Einarsson, Þröstur Jónasson, Snjólaug Haraldsdóttir og Daníel Ásgeirsson í stjórnina.

Hópurinn hefur séð um einn atburð síðan hann var stofnaður fyrir utan stofnfund. Þann 15. janúar var haldinn hádegisverðarfundur á Grand hótél með yfirskriftinni Hagnýting gagna - framtíðin 2030. Erindin voru fjögur; Gagnavísindi 101 - gervigreind 101, Framtíð gagnagrunna í nútíma samfélagi, Hvenær getum við treyst gervigreindar hugbúnaði, Fjárfestingar framtíðarinnar - stjórnandi framtíðarinnar og að lokum Gagnasýn til góðs - lyfjaávisanir í nýja ljósi. Uppselt var á viðburðinn og ljóst að mikill áhugi er fyrir viðfangsefninu. Við horfum því jákvæð til næsta starfsárs.

**Athuga misræmi - skv. Bókum Ský voru þessir í stjórn og skráðu sig í Ský:**

### **Stjórn 2019 - 2020**

Benedikt Geir Jóhannesson, Ríkisskattstjóri

Berglind Pálsdóttir, Landsbankinn

Brynjólfur Borgar Jónsson, Data Lab Ísland

Daníel Ásgeirsson, Landspítalinn

Eðvald Ingi Gíslason, WuXi Nextcode

Hafsteinn Einarsson, Íslandsbanki

Íris Huld Christersdóttir, fjármálaráðuneytið

Kristín Jónsdóttir, Alvogen

Sigrún Lára Sverrisdóttir, Miracle

Snjólaug Haraldsdóttir, Reiknistofa bankanna

Stefán Baxter, Snjallgögn

Tómas Helgi Jóhannsson, Reiknistofa bankanna